

Vinnuverndarstofnun Evrópu

Yfirlit – ársskýrsla 2013

Með hliðsjón af erfiðu efnahagslegu umhverfi hefur Vinnuverndarstofnun Evrópu (stofnunin) ákveðið að halda áfram að vekja athygli á mikilvægi góðrar vinnuverndar með því að leggja áherslu á rekstrarlegan þátt fyrirtækja. Stofnunin hefur einnig sett sér skýra framtíðarsýn um leiðina fram á við og samþykkt nýja stefnumótun fyrir árin 2014-20 í ljósi áframhaldandi umræðna um næstu vinnuverndarstefnu Evrópusambandsins.

1 Evrópska áhættuvöktunin

Árið 2013 birti stofnunin niðurstöður flaggskips- og framsýnisverkefnis stofnunarinnar 2013 — *Græn störf og vinnuvernd* — [aðalskýrslan](#) á ensku og [samantekt](#) á sex tungumálum. Í kjölfarið fylgdi svo skýrsla um [vinnuvernd og vindorku](#) og e-staðreyndir um [grænar byggingar](#) og [sólarorku á smáum skala](#) auk meðfylgjandi gátlista um hættuauðkenningu í [grænum byggingum](#) og [sólarorku á smáum skala](#). Stofnunin hleypti einnig af stokkunum nýrri vefsíðu tileinkaðri [vinnuvernd í grænum störfum](#).

Framsýnisverkefnið nýtir sér sviðsmyndir til þess að auðkenna og gera ráð fyrir aðsteðjandi vinnuverndaráhættum vegna tækni- eða samfélagsbreytinga. Stofnunin lét framkvæma kynningarrannsókn til þess að komast að því hvaða nýju og aðsteðjandi hættur sé mikilvægast að rannsaka frekar í næstu framsýnisrannsókn. Hún lét einnig framkvæma fullkomið yfirlit — *Núverandi og aðsteðjandi málefni á sviði vinnuverndar í heilbrigðisgeiranum - þar á meðal í heima- og samfélagshjúkrun*. Heilbrigðis- og félagsþjónustan hefur verið auðkennd sem atvinnugrein með mörgum stöðugildum en vanrækslu hvað varðar vinnuverndarmálefni, einkum þegar kemur að heima- og samfélagshjúkrun. Niðurstöður þessarar rannsóknar verða birtar árið 2014.

Undirbúningsvinnu fyrir næsta flaggskipsverkefni stofnunarinnar — [Fyrirtækjakönnun Evrópu um nýjar og aðsteðjandi áhættur \(ESENER\)](#) — lauk 2013. Þessi mikilvæga vinna veitir innsýn inn í hvernig tekið er á áhættum á vinnustöðum í Evrópu. Í fyrsta skipti mun könnunin 2014 taka til örfyrirtækja (5–10 starfsmenn) og landbúnaðargeirans.

Önnur mikilvæg vinna, sem lokið var við árið 2013, er meðal annars umfjöllun um útgefið efni [Nýjar áhættur og þróun varðandi öryggi og heilbrigði kvenna á vinnustöðum](#), sem meðal annars veitti mikilvægar upplýsingar um vinnutengt krabbamein í konum og hættur á vinnustöðum gegn kynheilbrigði kvenna. Ítarleg skýrsla um vinnuverndarkrabbamein og önnur um hættur gegn kynheilbrigði á vinnustöðum eru í undirbúningi og verða birtar árið 2014.



Fyrstu niðurstöður stórs tilraunaverkefnis — Öruggeri og heilbrigðari vinna á öllum aldri: vinnuvernd og öldrun vinnuafslins — voru kynntar á ráðstefnu í Evrópuþinginu í desember 2013. [Fundargerðin](#) var birt á vefsíðu stofnunarinnar snemma árs 2014.

Skýrsla stofnunarinnar 2013 [Forgangsmál á sviði vinnuverndarrannsókna í Evrópu 2013–2020](#) fjallar um forgangsatriði í rannsóknum í því skyni að fylla í eyður í þekkingu okkar fyrir stefnumótunina Evrópa 2020. Með hliðsjón af henni mun stofnunin búa til lista yfir *helstu*

forgangsmálin og láta framkvæma stöðuskjöl árið 2014.

Að lokum var vinna haldið áfram á [OSHWiki verkefni](#) stofnunarinnar en gert er ráð fyrir að síðan fari opinberlega í loftið sumarið 2014. Í heildina hafa 121 nýjar greinar verið pantaðar, skrifaðar og samþykktar og eru 28 greinar til viðbótar í vinnslu. Verkefnið dró að sér mikla athygli á Leiðtogafundi herferðarinnar Vinnuvernd er allra hagar í Bilbaó í nóvember og kveikti einnig áhuga alþjóðlegra vinnuverndarstofnana.

2 Upplýsingar um vinnuumhverfið

Gerð leiðarvísis fyrir herferðina 2014-15 — [Góð vinnuvernd vinnur á streitu](#) — var mikið afrek. Herferðirnar eru flaggskip stofnunarinnar fyrir vitundarvakningu og mikilvæg leið til þess að ná til vinnustaða, einkum ör- og smáfyrirtækja. Einnig fór mikil vinna fram við undirbúning á hagnýtum upplýsingum til þess að styðja við fyrirtæki, einkum ör- og smáfyrirtæki, við stjórn á sálfélagslegum áhættum á vinnustaðnum. E-leiðarvísir verður birtur á öllum tungumálum Evrópusambandsins tímanlega fyrir Evrópuviku vinnuverndar í október 2014. Tvö mikilvæg yfirlit til þess að bæta skilning okkar á sálfélagslegum áhættum og hugsanlegum leiðum til þess að sigrast á þeim verða einnig birtar

Herferðin 2012-13 — [Vinnuvernd - allir vinna](#) — var sú best heppnaða fram að þessu – með meiri starfsemi og fleiri opinbera samstarfsaðila en áður hafði verið. Hún markaði líka mikilvæg *tímamót*. Í júní hélt stofnunin mjög árangursríkan viðburð fyrir samstarfsaðila herferðarinnar — [Mat og miðlun á góðum starfsvenjum á sviði vinnuverndar](#) — í Brussel. Þar komu saman sérfræðingar á sviði vinnuverndar og stefnumótendur í því skyni að miðla af lærdómi sínum og dæmum um góðar starfsvenjur.

Frá því að verkefninu um [Gagnvirka áhættumatstólið á Netinu \(OiRA\)](#) var hleypt af stokkunum 2011 hefur það orðið að hornsteini í vinnu stofnunarinnar við að kynna vinnuvernd á vinnustöðum í Evrópu, einkum hjá smáum og meðalstórum fyrirtækjum, sem saman mynda 99% allra fyrirtækja, en þar eru úrræði oft takmörkuð. Árið 2013 voru níu ný töl gefin út: hárgreiðslutól fyrir Belgíu (á frönsku og flæmsku) og Portúgal; spænskt tól fyrir ölkuskóla og eitt fyrir leður- og sútunarsmiðjur (á Katalónsku); Litháenskt tól fyrir bílaverkstæði; veitingatól fyrir Frakkland og Grikkland; letneskt tól fyrir skrifstofuvinnu; og tól fyrir einkarekin öryggisfyrirtæki fyrir Evrópusambandið. Um 50 fleiri töl eru í vinnslu og hefur myndast OiRA samfélag sem vinnur að því að þróa og fínþússa tólin um alla Evrópu. Stofnunin styður við starfsemi samfélagsins með því að bjóða upp á þjálfun í notkun OiRA tólaskaparans og þjónustuver fyrir OiRA samfélagið.



Einnig lét stofnunin gera fyrir sig hagkvæmnisathugun á kynningu á og stuðningi við víðfeðma notkun tóla við innleiðingu á vinnuverndarlausnum sem þegar eru í boði eða í vinnslu í aðildarríkjunum.

Annað mikilvægt útgáfustarf á árinu voru skýrslurnar [Fjölbreytt menning á vinnustöðum: tryggjum öryggi og heilbrigði með forystu og þátttöku](#) og [Vinnuvernd og menntun: alhliða skólanálgun](#).

3 Samskipti, herferðir og kynningarstarf

Herferðin Vinnuvernd er allra hagur 2012–13 — Vinnuvernd allir vinna — byggði á árangri fyrra árs. Metfjöldi [87 opinberra samstarfsaðila herferðarinnar](#) — fyrirtæki og samtök úr opinbera og einkageiranum í Evrópu — tók höndum saman með stofnuninni og beindi kastljósinu að því að bæta vinnuöryggi og -heilbrigði með stjórnunarforystu og þátttöku starfsmanna. Haldnir voru viðburðir til vitundarvakningar á yfir 30 löndum auk þess sem stofnunin hleypti af stokkunum [Nettólakistu fyrir herferðina](#) á mörgum tungumálum til þess að auðvelda fólki að halda eigin vinnuverndarherferð. Verðlaunaafhendingin [verðlaunanna fyrir góða starfshætti](#) var haldin í Dyflinni í apríl í samvinnu við formennsku Íra í ráðherraráði Evrópusambandsins. Í Evrópuviku vinnuverndar í október fóru hundruð viðburða fram innanlands — þar sem sjónum var beint að þjálfun, málstofum og ráðstefnum og því að auka vitund um herferðina og skilaboð hennar með samfélagsmiðlunum. Herferðinni lauk í nóvember með [Leiðtogafundi herferðarinnar í Bilbaó](#). Viðburðurinn leiddi saman um 300 fulltrúa til þess að miðla

hugmyndum og lærdómi, byggja á afrekum herferðarinnar og tryggja að vinnan við áhættuforvarnir muni halda áfram löngu eftir að herferðinni lýkur.



Þar sem herferðin 2012-13 var að líða undir lok var undirbúningur fyrir herferðina 2014-15 — Góð vinnuvernd vinnur á streitu — vel á veg kominn. Áætlanir voru gerðar, vörumerki þróað og helsta [kynningarefni](#) búið til. Einnig bjuggu samstarfsaðilar stofnunarinnar í Napó-hópnum til [kvikmynd um streitu](#) með vinsælu teiknimyndafígúrunni Napó.

Niðurstöður þriðju [evrópsku skoðanakönnunarinnar um vinnuverndarmál](#) voru birtar á Evrópudeginum 9. maí. Yfir 16.500 launþegar í 31 landi voru spurðir

um vinnutengda streitu og vinnuvernd meðal eldri launþega. Niðurstöðurnar vöktu mikla athygli fjölmiðla og staðfestu að skilaboð herferðarinnar 2014-15 — um að stjórna megi sálfélagslegum áhættum með sama kerfisbundna hætti og öðrum vinnuverndaráhættum — þurfi að koma á framfæri um alla Evrópu.

Gerð var tilraun með vinnumöppu fyrir vitundaraukningu hjá landsskrifstofunum til þess að kynna OiRA og hvetja til þess að smá og meðalstór fyrirtæki noti það. Níu kynningarmálstofur voru haldnar á árinu í Belgíu, Kýpur, Grikklandi (tveir tengdir viðburðir), Lettlandi (þrjú tengdir viðburðir) og Litháen (tveir aðskildir viðburðir).

Fimmta árið í röð afhenti stofnunin [Kvikmyndaverðlaun heilbrigðra vinnustaða](#) á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Leipzig fyrir heimildar- og teiknimyndir ([DOK Leipzig](#)). Stofnunin styður einnig við gerð og textun DVD diska með verðlaunamyndinni til dreifingar í gegnum landsskrifstofurnar auk þess að skipuleggja sýningar á henni í Evrópu.



Árið 2013 leit dagsins ljós ný [Napó kvikmynd um hrösun og að skrika fótur — Napó... ekkert að hlátursefni](#) en verkefnið [Napó fyrir kennara](#) býður upp á fjölda úrræða, þar á meðal Napó kvikmyndir, á Netinu með það að markmiði að samþætta og gera vinnuvernd að daglegum þætti skólastarfs þannig að efla megi góðar öryggis- og heilbrigðisvenjur hjá börnum strax á unga aldri. Við lok árs 2013 var pakkinn *Napó fyrir kennara* í boði á 18 tungumálum og hafði verið kynntur í 23 löndum í Evrópusambandinu og löndum evrópska efnahagssvæðisins.

Fjölmíðlaskrifstofan kynnti og birti upplýsingar um störf stofnunarinnar á árinu 2013. [Fjölmíðlasamstarf](#) stofnunarinnar eflaðist en 20 samstarfsaðilar í fjölmíðlum í níu aðildarríkjum styðja við herferðina 2012-13. Ný aðferð við að auglýsa verðlaunaafhendingu Verðlaunanna fyrir góða starfshætti jók sýnileika verðlaunanna töluvert. Endurhönnun á vefsíðu stofnunarinnar hélt áfram og mun henni ljúka á árinu 2014 og styrkja þannig stöðu stofnunarinnar sem fyrsta staðinn sem fólk leitar til varðandi upplýsingar um vinnuverndarmál. Árið 2013 birti stofnunin 11 nýjar skýrslur og 12 e-staðreyndir ásamt fjöldanum öllum af kynningarefni svo og efni í hljóð og mynd.

Samstarf stofnunarinnar varðandi samskiptin við Fyrirtækjanet Evrópu (EEN) blómstraði á árinu 2013: 18 innlendir samstarfsfundir voru haldnir af landsskrifstofunum og vinnuverndarsendiherrum EEN til þess að miðla upplýsingum til vinnustaða Evrópu — og einkum smárra og meðalstórra fyrirtækja. Tveir samstarfsaðilar unnu einnig saman að vígsluathöfn EEN vinnuverndarverðlaunanna en þau viðurkenna framúrskarandi kynningu á vinnuverndarskilaboðum hjá smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Fyrstu verðlaunin voru veitt á Leiðtogafundi herferðarinnar Vinnuvernd er allra hagur í Bilbaó í nóvember.

4 Tengslastarf og samhæfing

Innleiðingin á [stefnuáætlun stofnunarinnar 2014 –20 til margra ára](#) mun styrkja tengsl hennar við landsskrifstofurnar. Áskorun ársins 2013 var að tryggja að [landsskrifstofurnar](#) myndu halda áfram að starfa með góðum hætti þrátt fyrir erfitt rekstrarumhverfi. Heimsóknir á æðstu staði aðstoða við að sýna fram á mikilvægi vinnu landsskrifstofanna með ríkisstjórnnum og aðilum vinnumarkaðarins. Stofnunin fór í tvær slíkar heimsóknir árið 2013 — eina til Litháens og aðra til Finnlands. Alþjóðlega fær stofnunin stuðning frá Alþjóðavinnuáráðastofnuninni í þjálfunarsmiðjum fyrir stefnumótendur á sviði vinnuverndarmála þar sem evrópska þríhliða módelið er sýnt.

Stofnunin hélt áfram að undirbúa umsóknar- og væntanleg umsóknarlönd fyrir þátttöku í vinnuverndarstarfi í Evrópu með því að, til dæmis, að styðja þau við að ganga til liðs við landsskrifstofunetið og taka þátt í störfum þess, þýða og prenta efni fyrir herferðirnar Vinnuvernd er allra hagur, dreifa Napó DVD diskum og hvetja þau til þess að taka þátt í Verðlaununum fyrir góða starfshætti. Hið síðastnefnda reyndist sérstaklega árangursríkt árið 2013 þegar tyrkneskt fyrirtæki var einn af sigurvegurunum — frábært dæmi um áhrif stofnunarinnar.

Samræmingarskrifstofan í Brussel hélt helsta starfi sínu áfram, að koma fram fyrir hönd stofnunarinnar og veita upplýsingar til helstu samstarfsaðila. Árið 2013 var lögð aukin áhersla á störf skrifstofunnar í Evrópska samtalinu við aðila vinnumarkaðarins hvað varðar möguleika samtalsnefnda aðila vinnumarkaðarins fyrir ákveðnar atvinnugreinar við að leggja sitt af mörkunum við þróun OiRA verkefnisins. Stofnunin skipulagði einnig árangursríka námsheimsókn fyrir meðlimi Evrópuþingsins til höfuðstöðva stofnunarinnar svo að þeir geti fræðst frekar um störf stofnunarinnar frá fyrstu hendi.

Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) leggur sitt af mörkunum við að gera Evrópu að öruggari, heilbrigðari og afkastameiri stað til að vinna á. Stofnunin rannsakar, þróar og dreifir áreiðanlegum, yfirveguðum og óhlutdrægum upplýsingum um öryggis- og heilbrigðismál og skipuleggur vitundarherferðir um alla Evrópu. Stofnunin, sem var sett á fót af Evrópusambandinu árið 1996 og er með höfuðstöðvar í Bilbaó á Spáni, færir saman fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, fulltrúa frá stjórnslu aðildarríkjanna, frá samtökum atvinnurekenda og launþega ásamt leiðandi sérfræðinga frá hverju af hinum aðildarríkjum ESB og annars staðar frá.

Vinnuverndarstofnun Evrópu

12 Santiago de Compostela,

E-48003 Bilbaó, Spáni

Sími. +34 944358400

Fax +34 944358401

Tölvupóstfang: information@osha.europa.eu